

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 2. desember 2022

Mál nr. S-59/2022:

Lögrelustjórinn á Suðurlandi

(Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi)

gegn

X

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru Lögrelustjórans á Suðurlandi 10. janúar 2022, á hendur X

„fyrir brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot með því að hafa á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð þáverandi kærustu og barnsmóður sinnar Z, og sameiginlegrar dóttur þeirra Q, sem þá var 28 daga gömul, svo sem hér nánar greinir:

með því að hafa, að morgni miðvikudagsins 2. desember 2020, ruðst inn á heimili Z og Q í A, með því að kýla Z hnefahögg í andlit þar sem hún stóð með Q í fanginu þá þegar og Z opnaði útidyrnar, og haldið þeirri árás áfram þar innandyra með ítrekuðum hnefahöggum í andlit Z, þrátt fyrir að hún þróað ákærða um að hætta vegna ógnunarinnar sem árásin skapaði gagnvart heilsu og velferð Q, uns Z féll fram fyrir sig á stofugólf með Q í fanginu en slepti þar takinu af henni og ýtti henni eftir gólfi undan árásinni, en ákærði hélt árásinni áfram gagnvart Z með því að rífa í hár hennar og endurtekið kýla og sparka í líkama hennar; allt framangreint með þeim afleiðingum að Q grét og Z hlaut glóðurauga undir hægra auga, sár á enni og hægra kinnbeini og eymsli í hársverði, við rifbein og yfir háls- og brjóstþrygg, auk þess sem í háttseminni fólst andleg og líkamleg misþyrming, ógnanir, yfiringangur, vanvirðandi og ruddalegt athæfi gagnvart Q.

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 1. mgr. 98. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80, 2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Í málinu gerir Z kröfu um að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000 auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. desember 2020 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt fyrir kærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Í málinu gerir Z, kröfu fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, Q kröfu um að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. desember 2020 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er kynnt fyrir kærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.“

Ákærði neitar sök að öðru leyti en því að hann játar að hafa slegið brotþola Z andlit tvö til þrjú högg. Ákærði hafnar verknaðarlýsingu ákæru að öðru leyti og hafnar heimfærslu til refsíákvæða. Ákærði samþykkir bótaskyldu gagnvart brotþola Z en mótmælir fjárhæð sem of hárrí en hafnar bótaskyldu gagnvart brotþola Q.

Aðalmeðferð hófst 2. september 2022, en varð þá ekki lokið. Aðalmeðferð var framhaldið 27. október og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær dómkröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu beggja bótakrefjenda eru gerðar sömu kröfur og greinir í ákæru, að viðbættri kröfu um að skipuðum réttargæslumanni beggja brotþola verði dæmd þóknun í einu lagi úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa vegna þeirrar háttsemi sem hann hefur játað skv. ofansögðu, en að öðru leyti sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Vegna bótakröfu brotþola Z er krafist lækkunar, en vegna bótakröfu brotþolans Q er aðallega krafist frávísunar, en til vara lækkunar. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Fyrir uppkvaðningu dóms var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning kl. 09:24 frá Fjarskiptamiðstöð lögreglu um heimilisofbeldi í A. Fylgdi tilkyningunni að þarna væri ákærði kominn inn í íbúð hjá barnsmóður sinni, Z, brotþola í málinu, og þaðan heyrðust öskur og læti. Lögreglan fór á vettvang og var ákærði handtekinn inni í íbúðinni, fluttur á lögreglustöð og vistaður í klefa.

Lögregla ræddi við brotþola Z á vettvangi. Segir að sjáanlegt mar hafi verið á hægra kinnbeini hennar og hún með áverka á enni. Hélt brotþoli á dóttur sinni Q, sem einnig er brotþoli í málinu, og var sjáanlega hrædd.

Er haft eftir brotþola Z að ákærði hafi verið að reyna að komast inn í íbúðina frá því snemma um morguninn. Þegar hún hafi opnað fyrir honum hafi hann komið inn og slegið hana í andlitið, en hún hafi þá verið með barnið í fanginu. Þá hafi ákærði slegið hana fleiri högg í andlitið meðan hún hélt á barninu. Hafi hún síðan fallið í gólfið með barnið í fanginu, en ákærði dregið hana aftur á fætur og barnið þá orðið eftir á gólfinu. Hafi brotþoli Z reynt að verja barnið eins vel og hún gat, en kvaðst ekki vera fullviss um hvort eitthvað hafi komið fyrir hana. Hafi verið ákveðið að fá sjúkrabíl á vettvang til að athuga með báða brotþola og þær svo verið fluttar á [...] til frekari skoðunar og til að afla áverkavottorðs.

Í svokallaðri „aðkomuskýrslu“ lögreglu segir að fyrr um morguninn hafi lögregla verið kölluð á sama vettvang vegna ákærða sem hafi verið að reyna að komast inn til brotþola. Gaf lögregla sig þar á tal við ákærða, sem var þá í B brotþola og tjáði honum að hann væri óvelkominn heim til brotþola. Þá segir að þegar lögregla kom á staðinn í seinna skiptið þá hafi brotþoli Z komið til dyra og virst hrædd og skelkuð. Hún hafi endurtekið setningarnar „það gerðist ekkert, þetta er allt í lagi“, en verið með mar og áverka eins og áður segir.

Fram kemur í gögnum málsins að ákærði er faðir brotþola Q og að hann og brotþoli Z voru þar og bjuggu saman á þessum tíma.

Við skýrslugjöf hjá lögreglu lýsti brotþoli Z hvernig ákærði hefði gengið í skrokk á henni með höggum og spörkum umrætt sinn, en framburður hennar hjá lögreglu verður ekki rakinn hér. Þá var tekin skýrsla af ákærða og neitaði hann alfarið að hafa lagt hendur á brotþola og kvaðst hafa verið svo til nýkominn til brotþola þegar lögreglan hafi komið. Þá var rætt við aðra íbúa í húsinu, en hjá sumum þeirra kom fram að þeir

hefðu heyrt öskur og læti, m.a. hræðsluöskur frá kvenmanni og jafnframt eins og þungan dynk.

Í rannsóknargögnum kemur fram að ofangreindan dag, þ.e. 2. desember 2020, var ákærða gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotþola Z vegna ofangreinds og var það ákveðið með hennar vilja. Hins vegar kom brotþoli Z á lögreglustöð 30. desember 2020 og óskaði eftir að nálgunarbannið yrði fellt úr gildi, en öðru leyti stæði framburður hennar óbreyttur og jafnframt að hún héldi kæru sinni til streitu. Var nálgunarbannið fellt úr gildi með ákvörðun lögreglustjóra 31. desember 2020.

Þá kom brotþoli Z á lögreglustöð 12. janúar 2021 og óskaði eftir að draga refsikröfu sína í málinu til baka og kvaðst ekki vilja gera bótakröfu. Aðspurð um fyrri framburð sinn kvaðst hún vilja nýta rétt sinn til að tjá sig ekki, en óskaði ekki eftir að draga framburð sinn til baka. Bótakröfur sem lýst er í ákæru bárust lögreglu eftir þetta og eru dagsettar 16. ágúst 2021 fyrir brotþola Z og 17. nóvember 2021 fyrir brotþola Q.

Í rannsóknargögnum eru ljósmyndir af ákærða og brotþola Z, teknar 2. desember 2020 af lögreglu. Í andliti brotþola Z má sjá greinilega áverka, en á höndum og hnúum ákærða má sjá áverka eða roða.

Þá eru í rannsóknargögnum ljósmyndir af farsíma brotþola Z 2. desember 2020, þar sem sjá má rafræn samskipti milli ákærða og brotþola umræddan morgun þar sem hann biður hana ítrekað að hleypa sér inn.

Þá er í rannsóknargögnum vottorð C læknis um brotþola Z, dags. 2. desember 2020. Kemur þar fram að læknirinn hafi hitt brotþola á bráðamóttöku að morgni umrædds dags, en þangað hafi hún komið með sjúkrabíl og í fylgd lögreglu. Hafi brotþoli lýst atvikum svo að barnfaðir hennar, þ.e. ákærði, hafi verið í sambandi við hana um nóttina og óskað eftir að fá að koma inn á heimilið. Hún hafi neitað honum um það þar sem hann hafi verið undir áhrifum. Um morguninn hafi hann fullvissað hana um að hann væri búinn að sofa úr sér og beðið hana um að koma til dyra, sem hún hafi gert. Um leið og hún hafi opnað hafi hann ráðist á hana með hnefahöggum í andlit. Hann hafi slegið hana ítrekað í andlitið. Þegar hún hafi fallið í gólfið hafi árásarmaðurinn tekið hana upp á hárinu og haldið áfram. Hann hafi einnig sparkað í bol hennar og keyrt höfuð hennar niður svo að hún hafi átt erfitt með öndun. Á meðan á þessu stóð hafi brotþoli haldið á þriggja vikna gamalli dóttur þeirra. Henni hafi þó tekist að verja barnið með eigin líkama svo að barnið hafi ekki orðið fyrir neinum líkamlegum áverkum. Þá segir í

vottorðinu að við komu á bráðamóttöku hafi brotaþoli kvartað yfir verkjum í hálsi, baki og hársverði. Við skoðun hafi hún verið aum í öllum hársverðinum, bankaum yfir háls- og brjósthrygg. Þá hafi hún verið með byrjandi glóðarauga undir hægra auga og lítinn skurð/sár á hægra kinnbeini. Rifjahylki almennt vægt aum en ekki grunur um brot. Tölvusneiðmynd af háls- og brjósthrygg hafi ekki sýnt beinbrot. Mat læknisins sé að um væga áverka sé að ræða og í raun mikil mildi að ekki hafi farið verr, sérstaklega hvað varðar barnið. Vottorðinu fylgja ljósmyndir af brotaþola Z þar sem sjá má áverka á andliti hennar.

Þá kemur fram að ákærða hafi verið dregið blóð umrætt sinn og að í blóðsýni hans hafi greinst bæði alkóhól og amfetamín.

Þá hefur komið fram í málinu að ákærða var gert að sæta nálgunarbanni gagnvart brotaþola Z í 6 mánuði frá 29. apríl sl. skv. ákvörðun Lögreglustjórans [...].

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð D læknis, dags. 25. júlí 2021 varðandi brotaþolann Q. Ekkert kemur þar fram sem skiptir máli varðandi þær sakargiftir sem um er fjallað í máli þessu, en þó má geta þess að í vottorðinu er tekið fram að barnið sé mjög hvekk.

Þá hefur verið lagt fram vottorð E, dags. 21. nóvember 2021 varðandi brotaþola Z. Þar kemur fram að brotaþoli hafi frá lokum september 2021 tekið þátt í úrræði á vegum [...] sem kallað sé [...] og sé ætlað konum með áfallasögu tengda ofbeldi. Brotaþoli eigi langa áfallasögu og því sé erfitt að skilgreina nákvæmlega hvernig ofbeldi ákærða hafi haft áhrif. Er í vottorðinu lýst frásögnum brotaþola um margháttað og langvarandi ofbeldi í hennar garð af hálfu ákærða, bæði andlegu og líkamlegu, en engum tilteknum atvikum.

Þá hafa verið lögð fram tölvupóstsamskipti milli réttargæslumanns brotaþola og Lögreglustjórans [...] þar sem fram kemur að til rannsóknar séu mál þar sem brotið hafi verið gegn brotaþola Z, en um eitt þeirra, kynferðisbrotamál, er tekið fram að ákærði njóti þar ekki réttarstöðu sakbornings. Þá fylgja tölvupóstum þessum skjáskot af rafrænum samskiptum sem túlka má þannig að ákærði hvetji brotaþola til að fara burt af landinu með sér, en þessi samskipti hafa ekki verið borin undir ákærða.

EKKI ERU EFNI TIL AÐ GERA FREKARI GREIN FYRIR RANNSÓKN MÁLSINS OG MÁLAVÖXTUM.

Framburður við aðalmeðferð

Ákærði kom fyrir dóm við aðalmeðferð í gegnum fjarfundarbúnað. Kvaðst hafa komið heim til sín téða nótt eftir að hafa verið á fyllirí. Brotaþoli Z hafi viljað fá hann

heim. Hafi ákærði slegið brotþola 2-3 högg þegar hún hafi opnað dyrnar eftir orðaskipti þeirra á milli. Fyrst hafi ákærði dvalið í íbúð hjá nágretta. Ákærði hafi verið við dyrnar að íbúðinni þegar hann hafi slegið brotþola. Aðspurður hvernig brotþoli hafi brugðist við kvaðst ákærði muna þetta voða lítið. Brotþoli Q hafi verið sofandi í vöggunni sinni þegar þetta gerðist. Eftir þetta hafi lögreglan komið og handtekið hann, en þá hafi hann verið kominn inn í íbúðina. Brotþoli hafi opnað fyrir honum og þetta hafi verið hans heimili. Brotþoli hafi farið að gráta þegar ákærði hafi slegið hana. Svo hafi lögreglan verið komin 2 - 3 mínútum seinna. Þá hafi ákærði enn verið í íbúðinni. Kvaðst ekki hafa séð brotþola Q. Aðspurður um höggin kvað ákærði að hann hafi slegið brotþola utan undir með opnum lófa. Höggin hafi lent á kinn og gagnauga. Kvaðst ekki hafa séð áverka á brotþola. Neitaði því að hafa beitt brotþola öðru ofbeldi. Ekkert hafi gerst frá því ákærði hafi slegið brotþola uns lögreglan kom, en þá hafi ákærði enn verið við dyrnar, inni í íbúðinni. Hann hafi aldrei farið inn í stofuna. Aðspurður kannaðist ákærði ekki við neitt af verknaðarlýsingu í ákæru, að því frátöldu að hafa slegið brotþola þessi 2-3 högg með flötum lófa. Kannaðist ekki við að brotþoli Q hafi grátið. Kannaðist ekki við þau meiðsli sem lýst er á brotþola Z og hafði ekki skýingar á þeim. Kvaðst ekki hafa séð neina áverka á henni, hvorki fyrir né eftir höggin. Kvaðst ekki hafa séð brotþola Q allri atburðarásinni og kannaðist ekki við að brotþoli Z hafi haldið á henni.

Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu um að ekkert hafi gerst kvaðst ákærði hafa sagt ósatt um það. Hann hafi verið í miklu rugli á þessum tíma. Þá kvaðst ákærði hafa verið undir áhrifum þegar atvik gerðust og hann muni mjög lítið eftir þeim. Aðspurður um mar á hnúum og handarbaki ákærða, sem sjá megi á myndum, kvaðst hann hafa verið tekinn á bíl um nóttina á bensínstöð og hann hafi verið að dæla bensíni og svo hafi hann óvart klemmt sig á bílhurðinni þegar hann hafi lokað.

Aðspurður vildi ákærði ekki tjá sig um hvort hann hafi haft samskipti við báða brotþola eftir að atvik máls gerðust. Hann vildi ekki heldur tjá sig um tengsl sín við brotþola, en kannaðist við að á þeim tíma sem atvik gerðust hafi brotþoli Z verið sambýliskona hans og brotþoli Q dóttir hans.

Brotþoli Z kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og gaf skýrslu. Brotþoli kannaðist við að hún og ákærði hafi verið sambýlissólk, auk þess að eiga saman barn. Brotþoli lýsti því að byrjunin hafi verið sú að ákærði hafi hringt í hana einhvern tíma um nóttina og beið um að koma heim, en hann hafi verið fastur [...] og ekki haft aura fyrir leigubíl. Hún hafi heyrt ástandið á honum og fallist á að hann mætti koma og hún

myndi greiða leigubílinn. Hann hafi svo komið og hún hafi greitt leigubílinn með netgreiðslu, enda ekki getað farið niður þar sem hún hafi verið ein heima með dóttur sína. Ákærði muni hafa byrjað á því að fara í íbúðina við hliðina og þá hafi hún vitað að ákærði væri að halda áfram drykkju og hún þá ekki viljað fá hann á heimilið. Hafi hún því hringt á lögreglu þegar hann hafi byrjað að reyna að komast inn til hennar. Hafi hún beðið lögreglu að láta ákærða vita að hann sé óvelkominn á heimilið. Nokkrum tímum seinna hafi ákærði reynt að sannfæra hana um að hann væri kominn í stand og orðinn góður og hvort hann megi ekki koma og hafi lofað öllu fögru. Hún hafi hikað, en samt farið til dyra enda hafi ákærði ekki hætt að banka. Q hafi vaknað og hún hafi tekið hana og farið að hurðinni og reynt að tala við ákærða í gegnum hurðina og hann lofað að vera góður og fara beint í háttinn. Hafi hún svo opnað dyrnar og þá hafi hann ýtt hurðinni strax upp og umsvifalaust slegið hana hnefahögg í andlitið. Hún hafi fengið hnefann í andlitið aftur og aftur, en kvaðst ekki vita hve oft. Hún hafi dottið í gólfið með brotþola Q í fanginu og náð að detta einhvern veginn þannig að henni hafi tekist að verja hana fyrir fallinu. Hafi brotþoli lagt brotþola Q á gólfið og ákærði hafi rifið í hárið á henni og ætlað að reyna að halda áfram að berja hana þar, en brotþoli hafi reynt að ýta honum í burtu þannig að þau væru ekki alveg við brotþola Q, sem hafi þá legið á gólfinu og hágrátið. Brotþoli hafi rifið í hárið á henni aftan á höfðinu, dregið hana eftir gólfinu og ýtt henni niður þannig að hún var föst í gólfinu og náði ekki að anda. Hafi brotþoli óttast þarna mjög um brotþola Q en ákærði hafi haldið áfram að lemja hana og sparka í hana. Hann hafi hrækt á hana. Brotþoli hafi beðið ákærða um að fá að kanna með brotþola Q og setja hana í vögguna sína og svo mætti hann gera hvað sem honum sýndist við brotþola sjálfa. Það hafi ekki virkað neitt á ákærða sem hafi bara haldið áfram. Um hálfri mínútu áður en lögreglan kom hafi ákærði staðið upp og hætt að berja hana og gengið að sófanum. Hún hafi tekið brotþola Q og sett hana í vögguna og þá hafi lögreglan komið og ákærði verið sestur í sófann og þóst vera ógeðslega saklaus. Hafi ákærði sagt brotþola að segja ekkert við lögregluna og þegja. Hún hafi opnað fyrir lögreglunni og komið inn og spurt hvort ákærði væri þarna. Hún hafi ekki þorað að segja já en horft inn í íbúðina og þeir þá farið þangað og séð ákærða í sófanum og handtekið ákærða og farið með hann. Þetta hafi allt gerst hratt. Þá lýsti brotþoli því að brotþoli Q sé enn smeyk við ákærða og þori ekki að fara strax í fang hans þegar þau hittist. Þá kvað brotþoli að þetta sé einhver versti dagur sem hún hafi lifað og þetta sitji mjög í henni. Hún hafi átt mjög erfitt eftir þetta.

Nánar aðspurð um högg og spörk kvað brotapolí þau hafa hafnað í maganum á henni, hliðinni og bakið, auk þess sem hún fékk strax í dyragættinni. Um fjölda högga og sparka kvaðst brotapolí ekki geta sagt til um það með vissu, en það hafi verið þó nokkur högg og þó nokkur spörk. Þá kvaðst brotapolí lengi hafa haft glóðarauga eftir þetta og bólgið kinnbein og sár á enni. Þá hafi vantað hárlufsur í hárið á henni. Henni hafi líka verið mjög illt í hálsi og baki lengi eftir þetta. Kvaðst telja að högginn hafi a.m.k. verið 6-8 að meðtöldum höggum í andlit. Hún hafi haldið að ákærði myndi drepa hana. Þessu hafi lokið skömmu áður en lögreglan kom þegar hún hafi haldið áfram að öskra að hann yrði að leyfa sér að huga að brotapolá Q og þá hafi hann stigið frá.

Aðspurð kvaðst brotapolí hafa leitað sér aðstoðar við að komast út úr þessu ofbeldissambandi, hún hafi verið hjá sálfræðingum, hún hafi verið hjá [...] sem sé styrking fyrir konur sem hafi verið í ofbeldissambandi, hún hafi verið hjá Barnavernd og leitað sér allrar hjálpar sem hún hafi getað fengið. Hún hafi ítrekað blokkað ákærða á samfélagsmiðlum en hann komi alltaf aftur og þykist vera niðurbrotinn og að hún þurfi að hjálpa honum. Ákærði ætlist til að hún verði bjargvættur hans og hún hafi reynt það í heilt ár, en það hafi engu skilað. Eftir það atvik sem lýst er í ákæru hafi framkoma ákærða gagnvart henni ekki verið góð. Hann hafi verið með hótanir, ógeðslegar orðasendingar, hann hafi lagt hendur á hana aftur. Auk þess hafi verið ráðist inn á heimili hennar og henni gerðir ógeðslegir hlutir, en hún viti ekki hvort séu af hans völdum og það hafi ekki verið sannað, en ákærði hafi þó eitt sinn beðið hana afsökunar á því atviki og sagt að það væri sennilega honum að kenna. Aðspurð kvað brotapolí að þetta hafi verið þannig að tveir menn hafi brotist inn á heimili hennar, barið hana og misnotað, skorið hana og gert við hana ógeðslega hluti. Þetta mál sé til rannsóknar hjá lögreglu.

Í dag sé staðan sú að ákærði sé með óþverraskap við hana þangað til hann sé orðinn lítill í sér, en þá játi hann ást sína til hennar. Þá hafi ákærða reynt að fá hana til að mæta ekki fyrir dóm og flýja land með sér. Samband ákærða við brotapolá Q í dag sé ekkert. Hún sé smeyk við hann, en hún sé hrædd þegar dyrabjöllunni er hringt. Hún hafi t.d. verið hrædd við karlmenn á leikskólanum. Hún vilji ekki fara strax í fang ákærða þegar hún hitti hann.

Aðspurð um það þegar brotapolí óskaði eftir að draga kæru sína til baka kvað hún það hafa verið eftir beiðni frá ákærða, í trausti þess að hann sæi að sér, sem hafi ekki gengið eftir.

Lögreglumaður nr. 1915 gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið lýsti því að hafa verið fyrsti maður á vettvang. Hafi borist tilkynning um hugsanlegt heimilisofbeldi í A. Við komu á vettvang hafi þeir bankað hjá brotþola Z. Hún hafi opnað dyrnar og virst vera mjög hrædd og skelkuð. Hún hafi endurtekið setningarnar „þetta er allt í lagi“ og „það gerðist ekki neitt“. Hún hafi starað á þá mjög hrædd og vitnið spurt „hvar er hann?“. Hún hafi ekki svarað því sérstaklega þannig að þeir hafi farið inn og hafi þá ákærði setið í sófa í stofu. Hann hafi verið handtekinn, færður í járn og kynnt réttarstaða sakbornings. Þegar þeir hafi verið á leið með ákærða út úr íbúðinni hafi ákærði starað á brotþola þannig að vitnið hafi sett hendina fyrir og beint augum hans frá brotþola. Ákærði hafi virst reiður að sjá. Hafi ákærði svo verið færður á lögreglustöð. Á hnúum hans hafi verið áverki.

Fyrr um nóttina eða kvöldið hafi lögreglan komið á vettvang þar sem brotþoli Z hafi hringt og látið vita að ákærði væri að reyna að komast inn til hennar og að hún vildi ekki fá hann inn. Þeir hafi farið á vettvang, en ákærði þá ekki verið í íbúðinni, heldur í annarri íbúð í stigaganginum á móti. Þar hafi hann verið hjá B sem hafi opnað fyrir þeim. Þeir hafi sagt ákærða að hann mætti ekki fara til brotþola þar sem hún vildi ekki fá hann. Hafi ákærði sagst skilja það, eða a.m.k. mótttekið það. Brotþoli Z hafi verið bólgin í andliti, rauð og bólgin á kinn og með skrámur á enni. Hún hafi verið skelkuð og skolfið og verið stressuð að sjá. Brotþoli Q hafi verið inni í herbergi. Vitnið staðfesti skýrslu sína í málinu.

Vitnið B gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið bjó í A. Vitnið skýrði frá því að hann myndi ekki sérstaklega eftir að hafa haft samband við lögreglu og óskað eftir aðstoð. Vitnið kvaðst hafa verið mjög drykkfelldur og muna þetta ekki vel. Þau hafi búið við hliðina á vitninu og hann hafi oft heyrt rifrildi hjá þeim. Í eitt sinn hafi maðurinn, sem vitnið kvaðst halda að hétu X komið til sín og þá verið í nálgunarbanni. Maður þessi hafi verið að reyna að komast af svölunum hjá vitninu yfir til konunnar. Svo hafi lögreglan komið eftir miðnætti og látið hann skrifa undir einhverja pappíra. Vitninu var sýnt uppritað símtal sitt við lögreglu þar sem hann óskaði eftir aðstoð. Vitnið kvaðst ekki muna eftir þessu, en kvaðst þó muna að hafa heyrt mikið öskur í konu og læti eins og barsmíðar. Þetta hafi virst koma frá íbúð brotþola Z. Vitnið kvaðst ekki muna hvort ákærði hafi komið heim til vitnisins þetta kvöld.

Vitnið F, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið bjó í A. Vitnið skýrði frá því að hafa verið heima hjá sér að morgni til og þá heyrt háan hurðaskell sem hafi eins og

komið frá íbúðinni fyrir neðan og öskur í konu, eins og hún væri hrædd eða eitthvað. Svo nokkrum stundum síðar hafi lögreglan komið og spurt hann um þetta. Hafi verið eins og einhver væri að fara að ráðast á konuna. Vitnið kvaðst ekki muna eftir nema einu öskri. Kvaðst ekki muna eftir neinu sérstöku í aðdraganda þessa. Öskrið hafi virst koma beint að neðan, en kvaðst þó ekki geta fullyrt það, en hann hafi heyrt eftir á að þetta hafi komið skáhallt að neðan.

Vitnið G kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Vitnið bjó í A. Vitnið lýsti því að þetta hafi verið að morgni til og vitnið verið í stofu á heimili sínu að drekka kaffi. Þá hafi vitnið heyrt mikil læti, en ekki verið viss hvaðan. Hann hafi heyrt í konu öskra og fyrst haldið að þetta væri eitthvað rifrildi. Svo hafi verið mikil læti og öskur og vitninu ekki litist á þetta. Svona læti hafi vitnið þó heyrt áður. Þarna hafi greinilega verið mikið um að vera. Vitnið hafi svo séð brotapolu í stigaganginum á leið niður og hafi hún verið illa útleikin, illa meidd í andliti og hræðilegt að sjá hana. Þarna hafi líka verið barn. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt orðaskil. Þetta hafi ekki staðið mjög lengi yfir, en vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir hve lengi. Vitnið kvaðst ekki muna eftir öðrum hljóðum en öskri í konu og treysti sér ekki til að fullyrða um það.

Vitnið C lækur gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð. Vitnið kannaðist við vottorð sitt og skýrði frá því að brotapolu Z hafi komið umrætt sinn að morgni til á bráðamóttöku með sjúkrabíl þar sem vitnið hafi verið við vinnu sína. Hafi brotapolu lýst atvikum næturinnar þannig að barnsfaðir hennar hafi verið í sambandi við hana um nóttina og viljað koma og hún ekki viljað það vegna þess að hann hafi verið undir áhrifum. Svo hafi barnsfaðirinn, þ.e. ákærði, beðið nokkra tíma og haft svo samband aftur og sagst þá hafa sofið úr sér. Það hafi síðar ekki reynst rétt og ákærði hafi verið í fullri neyslu um nóttina. Þegar brotapolu hafi opnað dyrnar fyrir honum, með barnið í fanginu, þá hafi ákærði slegið hana og kýlt hana. Svo hafi hún dottið niður og reyndar þá haldið á barninu og því ekki getað borið fyrir sig hendurnar. Henni hafi tekist að skýla barninu. Þá hafi ákærði byrjað að sparka í líkama brotapolu Z og keyrt höfuð hennar einhvern vegin niður þannig að hún hafi átt erfitt með andardrátt. Þá hafi hann verið að rífa í hár hennar. Þetta hafi brotapolu allt sagt um aðdraganda komu sinnar á bráðamóttöku. Brotapolu Z hafi greinilega verið aum í hársverði sem hafi passa mjög vel við að rífið hafi verið í hár hennar, eða hún dregin á hárinu. Hún hafi verið aum yfir háls- og brjóstþrygg niður eftir. Hún hafi haft byrjandi glóðarauga hægra megin og verið með skurð eða sár yfir hægra kinnbeini. Ekki hafi reynst brot í hrygg. Vitnið kvað að

Ljósmyndir af brotþola sem fylgja vottorði vitnisins hafi verið teknar af hjúkrunarfræðingi. Þær séu teknar í þessari læknisheimsókn brotþola.

Lögreglumaður nr. 1403 kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að tilkynning hafi borist frá nágranna gegnum fjarskipti að maur sé kominn inn í íbúð hjá konu í stigaganginum. Hafi fylgt tilkynningunni að maðurinn hafi beitt konuna ofbeldi. Hafi farið 2 lögreglubílar á vettvang og vitnið verið í seinni bílnum. Vitnið hafi rætt við brotþola, sem hafi verið með áverka í andliti með mánaðargamalt ungabarn. Hafi verið kallaður til sjúkrabíll til að hlúa að brotþola og barni hennar. Þá hafi líka verið kallað á rannsóknarlögreglu. Hafi vitnið farið með brotþola báða á [...] til að afla áverkavottorðs og fá skoðun fyrir þær báðar. Þangað hafi líka komið rannsóknarlögrelumaður ásamt réttargæslumanni. Brotþoli Z hafi verið skelkuð á vettvangi og með áverka í andliti þannig að augljóst hafi verið að eitthvað hafi gerst. Vitnið kvaðst ekki muna greinilega hvað brotþoli hafi sagt á vettvangi, en hún hafi lýst því hvað gerst hafi. Hafi brotþoli sagt að ákærði hafi slegið hana meðan hún hafi haldið á barninu og í einhver skipti. Í eitt þeirra skipta hafi hún dottið í gólfið og haldið á barninu, en hún hafi reynt að verja barnið eftir fremsta megni. Þá hafi brotþoli sagt að ákærði hafi svo togað hana upp og hún hafi skilið barnið eftir á gólfinu. Áður muni hafa verði einhverjar tilkynningar um að ákærði væri að reyna að komast inn, en vitnið hafi ekki sinnt þeim málum. Brotþoli hafi sagt fátt og verið fremur þögul, en þó ljóslega í uppnámi. Barnið hafi virst vera óskaddað, en til öryggis hafi verið ákveðið að fara með þær báðar saman til læknis. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína í rannsóknargögnum.

Lögrelumaður nr. 0773 gaf skýrslu við aðalmeðferð gegnum síma. Vitnið skýrði frá því 2 tilkynningar hafi komið fyrri part þessa dags um ástand í A þar sem kona væri með barn og barnsfaðir hennar væri að áreita hana og henni talin stafa ógn af því. Eitthvað hafi sést til hans í nærliggjandi íbúðum og búið að hafa af honum afskipti fyrr um morguninn. Seinni tilkynningin hafi komið frá nágranna um að maðurinn, þ.e. ákærði, hafi brotið sér leið inn í íbúðina og ráðist á barnsmóður sína, þ.e. brotþola Z. Vitnið kvaðst hafa komið á vettvang í seinni lögreglubílnum og mundi ekki hvort hann hittir ákærða, en hann hafi rætt við brotþola. Hafi séð á henni í andliti skrámur, bólgur og mar. Hún hafi verið með barn í stofusófa í íbúðinni, bersýnilega mjög hrædd. hafi svo verið fenginn sjúkrabíll til að huga að henni og barninu. Í framhaldi þess hafi hún og barnið verið flutt á slysadeild til skoðunar. Hafi vitnið kallað rannsóknardeildina til, eins og verklagsreglur kveði á um.

Lögreglumaður nr. H1443 gaf skýrslu við aðalmeðferð og skýrði frá því að tilkynnt hafi verið um heimilisófrið að A þar sem ætlaður gerandi hafi verið að reyna að komast inn í íbúð hjá brotþola. Vitnið hafi farið á vettvang um morguninn ásamt lögreglumanni nr. 1915 og knúið dyra á íbúð gegnt íbúð brotþola. Tilefni þess hafi verið að brotþoli hafi hringt og tilkynnt að fyrrverandi kærasti eða barnsfaðir væri að reyna að komast inn til hennar og hún vilji ekki fá hann. Hann hafi komið [...] síðla nætur eða eldsnemma um morguninn og væri ítrekað að reyna að komast inn til hennar, sem hún hafi ekki viljað. Hann væri að banka á hurðina hjá henni, öskrandi að hleypa sér inn. Hafi húsráðandi, þ.e. nágranninn, komið til dyra þegar lögregla kom og lögregla rætt við ætlaðan geranda, þ.e. ákærða, sem þar hafi verið staddur. Hafi ákærða verið gerð grein fyrir því að hann ætti ekkert erindi inn til brotþola og skyldi ekki reyna frekar að komast þangað inn. Hafi svo verið rætt við brotþola og hafi hún verið mjög skelkuð að sjá og hrædd um að ákærði kæmist inn til hennar. Hafi henni verið uppálagt að ef hann myndi reyna það þá skyldi hún hringja aftur á Neyðarlínuna. Þessu fyrra útkalli hafi þannig verið lokið og hafi lögregla yfirgefið vettvang við svo búíð. Skömmu seinna hafi lögreglu borist önnur tilkynning um að ákærði væri kominn inn til brotþola og að heyrst hafi hróp og læti. Sú tilkynning hafi verið frá nágretta sem hafi tilkynnt um hávaða og læti frá íbúð brotþola. Hafi lögregla farið aftur á vettvang og á forgangi. Þegar þeir hafið knúið dyra hafi brotþoli komið til dyra og með áverka á andliti, mar á enni og undir auga, sem hafi ekki verið um morguninn skömmu áður. Hafi brotþoli sagt endurtekið „þetta er allt í lagi þetta er allt í lagi það gerðist ekki neitt“. Þeir hafi farið inn og þar hafi ákærði legið í sófa í stofu. Hann hafi verið handtekinn og kynnt réttarstaða, færður í járn og út í lögreglubíl. Hafi vitnið veitt því athygli að hvað ákærði hafi horft bláköldum augum á brotþola meðan hann hafi verið leiddur út, sem hafi orðið til þess að hinn lögreglumaðurinn hafi sett hendur fyrir andlit hans, vegna þess að augnaráð ákærða hafi verið mjög óhugnanlegt. Hafi ákærði verið færður á lögreglustöð og vistaður í klefa. Brotþoli hafi virst óttaslegin, a.mk. í fyrra sinnið. Hún hafi verið skelkuð að sjá og hrædd við að fá ákærða inn til sín. Í seinna skiptið hafi brotþoli verið mjög skelkuð og hrædd að sjá. Í seinna skiptið hafi hún verið með barn í höndunum, en í fyrra sinnið hafi hún sagt að barnið væri sofandi inni í herbergi. Honum hafi þótt brotþoli vera mjög hrædd, bæði vegna sjálfrar sín og barnsins. Þá hafi hún virst mjög hrædd við ákærða þegar hann hafi horft á hana meðan hann hafi verið leiddur út úr íbúðinni. Vitnið staðfesti skýrslu sína í rannsóknargögnum.

Lögreglumaður nr. 8319 gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð. Vitnið gerði grein fyrir því að hafa komið á vettvang ásamt öðrum rannsóknarlögreglumanni. Þá hafi brotþoli og ákærði bæði verið farin af vettvangi. Vitnið tók ljósmyndir í íbúðinni og gerði skjal um það. Í framhaldinu hafi vitnið verið viðstaddur skýrslugjöf brotþola og ákærða.

Lögreglumaður nr. 0814 kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hans aðkoma hafi verið úrvinnsla gagna við rannsóknina. Nánar tiltekið að útbúa ljósmyndaskýrslu og mögulega einhver önnur gögn. Vitnið hafi ekki sjálfur tekið myndirnar. Vitnið staðfesti skýrslur sínar og rannsóknarvinnu.

Lögreglumaður nr. 9911 kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hafa komið á vettvang ásamt lögreglumanni nr. 0814. Þá hafi ákærði og brotþoli verið farin þaðan. Þeir hafi skoðað vettvang og vitnið rætt við íbúa í stigaganginum og ritað um það skýrslu. Ekki sé neitt sérstakt minnisstætt við vettvanginn.

Vitnið E sálfræðingur gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð. Vitnið er sálfræðingur hjá [...] og rekur eigin stofu. Brotþoli Z hafi komið til [...] í lok september 2021 sem þátttakandi í svokölluðum [...] sem sé hugsað fyrir konur sem hafa verið í ofbeldissamböndum og eiga áfallasögu í því sambandi. Í viðtölum vitnisins við brotþola hafi komið fram að samband hennar og ákærða hafi verið sveiflukennt, loforð og allt gott og hún best í heimi yfir í hótanir og niðurlægingar, sem og ofbeldi. Hún hafi skýrt frá því að ákærði hafi ráðist á hana bæði fyrir framan barnið og ekki, en eitt sinn hafi hann ráðist á hana þar sem hún hafi haft barnið í fanginu. Þetta hafi haldið áfram meðan brotþoli hafi verið hjá [...] að sögn brotþola. Hún hafi verið mjög hrædd við ákærða. Hafi bæði verð um að ræða andlegt og líkamlegt ofbeldi. Brotþoli sé enn mjög hrædd við ákærða, að hann muni koma, að hann muni reyna að ná af henni barninu o.s.frv. Hún hafi verið ótrúlega hrædd. Hún vantroysti fólki og að hennar sögn hafi það mikið að gera með framferði ákærða gagnvart henni. Líðan brotþola hafi verið afspyrnuslæm þegar hún hafi komið til [...]. Hún sé hægt og rólega að vinna sig upp úr þessu og læra að standa á eigin fótum. Hún sé byrjuð í námi, en hún sé enn mjög hrædd við ákærða og að aðrir muni hafa samband við hana að undirlagi ákærða. Vitnið staðfesti framangreint vottorð sitt, dags. 21. nóvember 2022.

Aðspurð kvaðst vitnið hafa hitt brotþola í nokkur skipti, en vitnið hafði ekki nákvæma tölu á því, en giskaði á að hafa hitt brotþola 15 – 20 sinnum í meðferðarviðtölum. Hún hafi hitt brotþola mjög reglulega í lok árs 2021. Síðan hafi

brotapoli haldið áfram í prógrammi hjá [...]. Aðspurð hvort brotapolí hafi fengið greiningu um áfallastreituröskun kvaðst vitnið ekki muna það, en hún hafi einkenni áfallastreitu.

Forsendur og niðurstöður

Í máli þessu er ákærða gefið að sök brot í nánu sambandi gagnvart barnsmóður sinni og þáverandi sambýliskonu, þ.e. brotapolu Z sem og gagnvart mánaðargamalli dóttur sinni og brotapolu Z, þ.e. brotapolu Q, allt eins og nánar greinir í ákæru. Auk þess er honum gefið að sök barnaverndarlagabrot gagnvart brotapolu Q með sömu háttsemi.

Eins og áður segir neitar ákærði sök að öllu leyti, að því frátöldu að við aðalmeðferð hefur hann gengist við því að hafa slegið brotapolu Z 2 – 3 högg á kinn og gagnauga með opnum lófa. Hefur ákærði krafist þess að sú háttsemi verði heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki 1. mgr. 218. gr. b sömu laga, eins og lagt er upp með af hálfu ákæruvalds.

Eins og áður greinir hefur ákærði ekki kannast við sakargiftir nema að mjög litlu leyti. Raunar kannaðist hann ekki við þær að neinu leyti þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu við rannsókn málsins. Við aðalmeðferð kannaðist hann hins vegar við að hafa slegið brotapolu Z í tví- eða þrígang utan undir með flötum lófa og kvaðst hafa sagt ósatt að þessu leyti þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Hann kannast ekki við að brotapolí Z hafi haldið á brotapolu Q og hann hefur heldur engar skýringar á áverkum á brotapolu Z og kveðst raunar ekki hafa séð neina áverka á henni. Ákærði bar líka um það að hann hafi verið í miklu rugli þegar þessi atvik gerðust og hann muni mjög lítið eftir þessu. Ákærði lýsti því að brotapolí Z hafi viljað að hann kæmi heim þegar þetta var. Það er afar ótrúverðugt með hliðsjón af því að fyrir liggja afrit af rafrænum samskiptum þeirra frá þessum tíma og er ljóst af þeim að hún vill ekki að hann komi og treystir honum ekki til að haga sér vel, en hann þræbiður og suðar um að hún hleypi honum inn uns hún lætur undan. Rafrænu samskiptin eru í samræmi við framburð brotapolu.

Brotapolí Z hefur gefið rækilegan framburð um atvik málsins, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi við aðalmeðferð. Sambærilega frásögn gaf hún hjá lækni á bráðamóttöku sama dag og atvikin gerðust og er það staðfest með framburði læknisins, C.

Að mati dómsins er framburður brotapolu afar trúverðugur og einlægur og ekki í honum neinar misfellur eða atriði sem geti orðið til þess að hann verði metinn ótrúverðugur að einhverju leyti. Þá er framburður hennar í samræmi við annað sem fram

hefur komið í málinu, bæði í framburði vitna, sem og í skriflegum gögnum. Þannig er staðfest með vottorði C lækni, sem og framburði hans fyrir dómi, að brotaþoli Z bar þá áverka sem lýst er í ákæru og koma heim og saman við framburð hennar sjálfrar. Auk þess liggja fyrir ljósmyndir af áverkum hennar, sem ýmist voru teknar af lögreglu og af hjúkrunarfræðingi. Áverkarnir eru í fullu samræmi við framburð brotaþola Z, en í algeru ósamræmi við framburð ákærða. Er engin skýring nærtæk á áverkum brotaþola, önnur en sú sem hún sjálf hefur lýst. Auk þess styðst frásögn brotaþola Z að þessu leyti við þá staðreynd að ákærði bar áverka á handarbaki og hnúum hægri handar, en skýringar hans á þeim áverkum eru ekki trúverðugar og styðjast ekki við neitt í málinu.

Þá hefur komið fram hjá lögreglumönnum sem komu á vettvang að brotaþoli Z var mjög skelfd og illa leikin þegar lögregla kom á vettvang, en það er aftur í samræmi við framburð hennar, en mun síður í samræmi við framburð ákærða sem hefur lýst þessu sem algeru minniháttar atviki. Auk þess hefur komið fram hjá lögreglumönnum að ákærði hafi fyrr um nóttina verið að reyna að koma til brotaþola Z, en það hafi hún ekki viljað. Þetta er einnig í samræmi við framburð brotaþola.

Þá hafa vitni sem búa í húsinu A komið fyrir dóm og lýst því sem þau urðu vör við. Þannig lýsti vitnið B því að hafa heyrt mikið öskur í konu og læti eins og barsmíðar, sem hafi virst koma frá íbúð brotaþola. Vitnið F lýsti því að hafa heyrt háan hurðaskell og öskur í konu eins og hún væri hrædd. Vitnið G lýsti því að hafa heyrt konu öskra og haldið fyrst að þetta væri eitthvað rifrildi. Svo hafi verið mikil læti og öskur og greinilegt að mikið hafi verið um að vera. Vitnið kvað sér ekki hafa litist á þetta. Auk þess lýsti vitnið því að hafa séð brotaþola illa útleikna og meidda í andliti. Kvað hann hafa verið hræðilegt að sjá hana, en þetta er sem fyrr segir í ósamræmi við framburð ákærða sem kveðst hafa löðrungað hana 2 -3 sinnum og ekki hafa séð á henni neina áverka.

Þessu til viðbótar liggur fyrir skv. gögnum málsins, einkum vottorði E sálfræðings, og í framburði hennar, að brotaþoli Z hefur verið í samtalsmeðferð fyrir konur sem eiga að baki áfallasögu sem tengist ofbeldi. Samkvæmt vottorði og framburði E hefur brotaþoli tengt það sérstaklega við ákærða og auk þess ber hún einkenni áfallastreitu þó ekki sé upplýst hvort hún hafi verið greind með áfallastreituröskun.

Þá er upplýst í málinu, bæði með gögnum og framburði ákærða og brotaþola Z að þegar atvik gerðust voru þau par og sambýlisfólk, auk þess að brotaþoli Q er dóttir þeirra beggja.

Að öllu ofangreindu virtu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.

Af hálfu ákæruvalds er háttsemi ákærða gagnvart báðum brotapolum heimfærð til refsíákvæða samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en auk þess er háttsemin talin varða við 1. mgr. 98. gr. og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 19/1940. Af hálfu ákærða er þess hins vegar krafist að þeir 2-3 löðrunga, sem hann kveðst hafa veitt brotþola Z, verði heimfærðir undir ákvæði 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hér að ofan er því lýst að ákærði er sakfelldur fyrir alla þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til álita að 2 – 3 löðrunga verði einungis taldir varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Kemur þá til skoðunar hvort háttsemin varði við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Í ákvæðinu segir að *Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.*

Ekki þarf að fjölyrða um að háttsemi ákærða beindist að maka og niðja ákærða og eru því þau efnisatriði ákvæðisins uppfyllt. Ákærði sló brotþola Z hnefahögg í andlit þar sem hún hélt á brotþola Q í fanginu um leið og hún opnaði dyrnar og hélt þeirri árás áfram með ítrekuðum hnefahöggum í andlit brotþola Z uns hún féll í gólfið, ennþá með brotþola Q í fanginu, en þar sleppti brotþoli Z takinu af barninu og reyndi að koma henni undan, en í framhaldinu hélt ákærði árásinni áfram á brotþola Z, allt eins og nánar greinir í ákæru. Það er mat dómsins að með þessari háttsemi sinni hafi ákærði á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð beggja brotþola með því ofbeldi sem hann beitti. Engu máli skiptir þó að engin högg hafi beinst sérstaklega að brotþola Q, en í lögskýringargögnum með ákvæðinu kemur fram að *Ákvæðið verndar öll börn sem búa við heimilisofbeldi hvort sem verknaður eða aðferð sem beitt er til að skapa ástand ógnar, ofríkis eða kúgunar beinist beinlínis gegn þeim eða ekki.* Þannig er háttsemi ákærða réttilega heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Í ákæru er háttsemin jafnframt heimfærð undir ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002, nánar tiltekið 1. mgr. 98. gr. og 1. og 3. mgr. 99. gr. Það er mat dómsins að háttsemi ákærða falli að verknaðarlýsingum í ákvæðum 1. og 3. mgr. 99. gr.

barnaverndarlaga, en ekki þykir unnt að fullyrða að það eigi einnig við um 1. mgr. 98. gr. laganna. Með hliðsjón af lögskýringargögnum og dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 42/2021 verður hins vegar að telja að ákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga tæmi hér sök gagnvart umræddum ákvæðum barnaverndarlaga.

Samkvæmt ofansögðu hefur ákærði unnið sér til refsingar. Samkvæmt fram lögðu sakavottorði ákærða hefur honum 8 sinnum áður verið gerð refsing. Tvívegis fyrir ofbeldisbrot. Í fyrra skiptið samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjaness 10. október 2016 þar sem ákærði var sakfelldur fyrir líkamsárás skv. 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki gerð sérstök refsing þar sem um hegningarauka var að ræða. Þá var ákærði sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur 15. febrúar 2017 og dæmdur í 4 ára fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr., 1. mgr. 199. gr., 1. mgr. 218. gr., 226. gr., 233. gr. og 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk umferðarlagabrota.

Í 1. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir að *Nú hefur sá, sem dæmdur er sekur um brot á [217., 218. eða 218. gr. a],²⁾ áður sætt refsingu samkvæmt þeim greinum eða honum hefur verið refsað fyrir brot, sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi, og má þá hækka refsingu allt að helmingi.* Í þessu máli er um það að tefla að ákærði er dæmdur sekur um brot á 218. gr. b almennra hegningarlaga, en ítrekunaráhrif skv. 1. mgr. 218. gr. c ná ekki til þess ákvæðis. Þannig er ekki um að ræða eiginleg ítrekunaráhrif vegna þeirra tveggja dóma sem ákærði hefur áður fengið vegna ofbeldisverka.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess að árás ákærða var með öllu tilefnislaus og var framín inni á sameiginlegu heimili þeirra og skeytti ákærði ekkert um hvaða afleiðingar árásin gæti haft fyrir báða brotþola. Þá verður litið til sakaferils ákærða, sem og 1., 3., 5., 6. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði á sér engar málsbætur. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði og kemur ekki til álita að skilorðsbinda hana að neinu leyti.

Með brotum sínum hefur ákærði bakað sér bótaskyldu gagnvart báðum brotþolum, sbr. almennu sakarregluna og b lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins og áður segir var árás ákærða ófyrirleitinn og beindist að maka og mánaðargömlu barni ákærða, inni á sameiginlegu heimili þeirra. Verður ekki betur séð en að ásetningur ákærða hafi verið einbeittur, en jafnframt var árásin til þess fallin að valda andlegu og líkamlegu tjóni hjá báðum brotþolum. Er hæfilegt að ákærði greiði brotþola Z kr. 1.500.000 í miskabætur og brotþola Q kr. 1.000.000. Bæturnar skulu bera vexti og

dráttarvexti eins og nánar greinir í dómsorði, en ekki verður séð að ákærða hafi verið birtar bótakröfurnar við birtingu fyrirkalls og verður því miðað við þann dag þegar mánuður er liðinn frá þingfestingu málsins 24. mars 2022.

Samkvæmt 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2002 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti nemur útlagður kostnaður við rannsókn lögreglu kr. 132.669 og ber ákærða að greiða hann. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða í einu lagi þóknun skipaðs réttargæslumanns beggja brotþola, Kristrúnar Elsu Harðardóttur lögmanns. Er þóknunin ákveðin kr. 2.029.725 að teknu tilliti til virðisaukaskatts, en ljóst er skv. tímaskýrslu réttargæslumannsins að veruleg vinna hefur verið unnin vegna málsins. Jafnframt ber ákærða að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, kr. 1.227.600 að teknu tilliti til virðisaukaskatts, sem og aksturskostnað verjandans sem nemur kr. 40.200.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði Z kr. 1.500.000 með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. desember 2020 til 24. apríl 2022, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði Z, fyrir hönd Q, kr. 1.000.000 með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. desember 2020 til 24. apríl 2022, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnað, alls kr. 3.430.194, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, kr. 1.227.660 að teknu tilliti til virðisaukaskatts og einnig þar með talinn aksturskostnaður verjandans kr. 40.200 og einnig þar með talin þóknun skipaðs réttargæslumanns beggja brotþola, Kristrúnar Elsu Harðardóttur lögmanns, kr. 2.029.725.

Sigurður G. Gíslason